**Nd.** **191. Frumvarp**

til laga um breyting á lǫgum nr. 15, 14. júní 1929 [*Útflutningsgjald af síld o. fl.*] o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:

Af hverri síldartunnu 108—120 lítra skal greiða í ríkissjóð kr. 1,00.

2. gr.

Endurgreiða skal innflutningstoll, hverju nafni sem nefnist, af kryddi og sykri, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, enda sé síldin komin á skipsfjöl til útflutnings og sannað með vottorði síldarmatsmanns, hve mikið af kryddi og sykri hefir verið látið í hverja tunnu síldarinnar.